

um framkvæmd á heilsugæzlukafla laga um almannatryggingar, nr. 50/1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkv. þeim lögum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

III. kafli laga um almannatryggingar, nr. 50/1946 (heilsugæzla), skal koma til framkvæmda frá 1. jan. 1954.

2. gr.

Þau ákvæði l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og laga um breytingar á þeim lögum, sem fjalla um persónuiðgjöld hinna tryggðu, skulu úr gildi falla 1. jan. 1954.

3. gr.

116. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingarsjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka á hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt í fyrsta sinn 1951, en var þá ekki afgreitt. Það er tvíþætt að efni. Að öðrum þræði er það tryggingamál, þar sem mælt er svo fyrir, að einn meginþáttur almannatrygginganna — kafli um heilsugæzlu — skuli koma til framkvæmda. Að hinum þræðinum er það skattamál, að því leyti sem mælt er fyrir um, að persónuiðgjöld til almannatrygginganna skuli falla niður, en ríkissjóður skuli í staðinn leggja tryggingasjóði til það fé, sem á vantar til að bera uppi tryggingarnar.

Á þinginu 1951—52 var samþykkt þingsályktunartillaga um heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör. Er þar m. a. mælt svo fyrir, að lögð skuli áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. Flutningsmenn telja, að þetta frumvarp stuðli einmitt að því. Þar sem boðað hefur verið, að frumvarp um ný skattalög verði lagt fyrir þetta þing, telja þeir, að tímabært sé að flytja þetta frv. að nýju, þannig að það verði tekið til athugunar og afgreitt samtímis skattalögunum, þar sem hér er um mál að ræða, sem ekki verða skilin hvort frá öðru.

Þegar lög in um almannatryggingar voru sett árið 1946, var eitt höfuðnámli þeirra það, að komið skyldi upp skipulagðri heilsugæzlu og heilsuvernd. Fjallar III. kafli laganna um þetta efni. Var þá í upphafi ákveðið, að þessi kafli laganna skyldi koma til framkvæmda 1. jan. 1948. Við það var þó ekki staðið, heldur var framkvæmd heilsugæzlunnar frestað hvað eftir annað, og samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, á hún að koma til framkvæmda 1. jan. 1955.

Flutningsmenn telja, að þegar sé orðinn allt of langur dráttur á framkvæmd þeirra mikilvægu fyrirmæla, sem felast í heilsugæzlukafla almannatryggingalaganna, og leggja áherzlu á, að tafarlaust verði hafinn undirbúningur til þess, að þau geti komið til framkvæmda um næstu áramót.

Um fjárhagshlið frv. er það annars að segja, að með þeirri skatta- og tollaáþjún, sem almenningur nú býr við, ásamt vaxandi dýrtíð, er mikil hætta á því, að fjöldi manna geti ekki staðið í skilum með þessi gjöld og tapi af þeim sökum réttindum. Einkum er þessi hætta mikil, þegar atvinnuleysi steðjar að. Fyrir þessum réttinda-missi verða einmitt þeir, sem sízt mega við því, fátækasta fólkið.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að ríkissjóður sækir nú í vasa hveirrar fimm manna fjölskyldu að meðaltali sem svarar 12 þús. kr. á ári í tollum og óbeinum sköttum og 15 þús. kr., ef ágóði af einkasölum er talinn með. Og undan þeirri innheimtu verður ekki komið, því að hún er fólgin í fötum og fæði og öðrum daglegum nauðþurftum fjölskyldunnar. Við þessi lögbvinguðu iðgjöld heimilanna bætast svo meðal annars iðgjöld til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna, sem nema nú í Reykjavík 1362 krónum á ári fyrir kvæntan mann.

Af öllum þessum ástæðum leggja flutningsmenn til, að þessi persónuiðgjöld verði felld niður, en framlag ríkissjóðs hækki sem því svarar. Að sjálfsögðu hefði þetta í för með sér allmjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Nú hefur ríkisstjórnin talið sér fært að lofa því, að tekjuskatturinn skuli lækkaður. En afnám iðgjaldanna mundi einmitt vera sú skattalækkun, sem kæmi að mestum notum fyrir allan almenning, auk þess sem það miðar að því að gera alla skattheimtuna einfaldari og kostnaðarminni.